

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2014
Tilvísun: UST20141000039/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Hótel Geysi Bláskógabyggð - breyting v/hótelbyggingar.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnессýslu er barst 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hótel Geysi.

Breytingartillagan felst í því að áætluð er ný hótelbygging alls 9000 m² með allt að 100 herbergjum í stað eldri tillögu þar sem gert var ráð fyrir alls 4500 m² hóteli með samtals 100 herbergjum. Helstu breytingarnar eru að byggingarreitur hótels breytist þ.e. mjókkar og lengist til suðurs. Einnig bætist við byggingarreitur fyrir baðhús. Gert er ráð fyrir að núverandi baðhús, áhaldahús og tvö smáhýsi sunnan núverandi hótels verði fjarlægð. Fram kemur í nýjum deiliskipulagsskilmálum að mesta leyfilega mænishað mæld frá gólfplötu er sú sama og í nágildandi deiliskipulagi, þ.e. 12 m.

Umhverfisáhrif stækunar hótels

Að mati Umhverfisstofnunar verður áætluð nýbygging hótels reist að mestu á þegar röskuðu svæði vegna eldri framkvæmda sem verða fjarlægðar. Viðbygging hótels mun því hafa lítil áhrif á óröskuð svæði. Hótelid stækkar og verður sýnilegra í umhverfinu og því er mikilvægt að framkvæmdir verði aðalagaðar að umhverfinu til að lágmarka sjónræn áhrif viðbyggingar.

Fráveita

Í greinargerð með deiliskipulagstillöggunni er ekki fjallað um fráveitu. Þar sem áætlað framkvæmdasvæði er í grennd við mikilvægar náttúruminjar telur Umhverfisstofnun að fram þurfi að koma hvert ástand fráveitumála er í dag. Einnig er mikilvægt að fram komi áætluð aukning frárennslis og hvernig hún verður leyst svo ekki komi til mengun af völdum skólps. Nú þegar er mikil starfsemi við móttöku ferðamanna á svæðinu og því er mikilvægt að fráveita þjóni þeim fjölda er ferðast um svæðið. Fráveita þarf að vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfullst

Kristín S Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur